

Eystrahorn

7 . tbl. 37. árgangur

Fimmtudagurinn 21. febrúar 2019

www.eystrahorn.is

Flugsamgöngur til Hornafjarðar nauðsynlegar samfélaginu

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið lagði fram drög að stefnu um almenningssamgöngur í síðustu viku. Markmið stefnunnar er að stuðla að samþættu kerfi almenningssamganga á sjó, landi og lofti. Samhliða því var unnin góð greinargerð á almenningssamgöngum. Í greinargerðinni kemur fram að flugleiðin frá Reykjavík til Hafnar er styrkt af ríkinu um 100 milljónir á ári. Einnig er gerð greining á farþegafjölda á flugleiðinni og kemur í ljós að farþegum hefur fjölgað frá árinu 2012 og hlutfall niðurgreiðslu á hvern farþega er lægst miðað við aðrar ríkisstyrktar leiðir. Þrátt fyrir þetta er leiðin til Hafnar talin þjóðhagslega óhagkvæm, án frekari rökstuðnings, og er lagt til að ríkisstyrkurinn verði lagður af. Rekstur almenningssvagna er einnig styrktur af ríki í gegnum Vegagerðina og þykir starfshópnur óeðlilegt að reka tvær ríkisstyrktar leiðir til Hafnar og bent á nauðsyn þess að tengja aksturleið frá Höfn við brothætta byggð í Vestur-Skaftafellssýslu. Jafnframt á Höfn að vera einn af tengistöðum í kerfi almenningssamganga. Í samgönguáætlun 2019-2033 sem var lögð fyrir Alþingi á haustþingi voru lögð fram metnaðarfull markmið. Meðal þeirra var lagt fram það markmið að íbúar landsbyggðarinnar eigi kost á að komast til höfuðborgarinnar á um 3,5 klst. með samþættum ferðatíma, akandi, með ferju og/eða í flugi. Á sama tíma eru lögð fram umrædd drög að stefnumörkun í almenningssamgöngum þar sem lagt er til að leggja af ríkisstyrk á innanlandsflugi til Hafnar og lögð áhersla á að styrkja almenningssvagna. Ofangreind áform og markmið fara ekki saman.

Ökutími frá Höfn til Reykjavíkur er 7 klst. í strætó miðað við tímaáætlun en flugtíminn er um 50 mín, með innritun er ferðatíminn um 1,5 klst. Það er ekki nokkur leið að uppfylla



það markmið að ferðast til höfuðborgarinnar á 3,5 klst. ef aksturleiðin er farin. Ferð með strætó frá Höfn til Reykjavíkur kostar 13.630 kr. en flugferðin kostar 27.700 kr. fullu verði. Þeir sem greiða í stéttarfélög eiga þess kost að kaupa flugmiða á lægra verði eða frá um 12.000 kr. Til samanburðar er hægt að kaupa flugmiða frá Keflavík til Kaupmannahafnar á um 25.000 kr. báðar leiðir. Stjórnvöld hafa verið að skoða að fara svokallaða „skosku leið“ þar sem íbúar eiga kost á niðurgreiðslu á flugleiðum. Ekki er að finna frumvarp frá Alþingi um skosku leiðina og því óvíst hvernig framkvæmdin verður.

Fyrir Hornfirðinga er gríðarlega mikilvægt að almenningssamgöngur séu góðar. Sveitarfélagið er viðfedmt og um langan veg að fara í næstu þéttbýliskjarna eða 200 km. á Kirkjubæjarklaustur og 100 km á Djúpavog. Ef sækja þarf þjónustu lækna, stjórnsýslu eða annað tengt atvinnulífina er Reykjavík næsti þjónustukjarni. Erfitt getur verið að halda uppi öflugri heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni en vel hefur tekist til á Hornafirði, það er gert

með dyggri aðstoð flugsamganga þar sem heimilislæknar, sérfræðilæknar, sálfræðingar, talmeinafræðingar og fleiri sérfræðingar koma til Hafnar flugleiðis og vinna um skemmri tíma á staðnum. Ekki er hægt að gera þær kröfur að allir þessir sérfræðingar geti fasta búsetu á Höfn þar sem íbúaföldi er tæplega 2.400. Einnig eru flugsamgöngur mikilvægar fyrir þá sem vilja sækja menntun og endurmenntun. Fjarnám eykst með aukinni tæknivæðingu sem krefst þess að nemendur þurfa að ferðast til Reykjavíkur reglulega í námslotur.

Hornfirðingar treysta á að flugsamgöngur haldist tryggar þó flugfargjöld séu allt of há. Ef ríkisstyrkur verður aflagður má búast við því að flugfargjöld hækki verulega eða að flugleiðin leggist af. Heilbrigðisþjónustan treystir á sjúkraflug en fjöldi sjúkrafluga hefur farið ört vaxandi á undanförunum árum eða um 100% frá árinu 2012. Umferð um Suðurlandsveg hefur aukist hratt á undanförunum árum og slysum sömuleiðis. Á síðustu tveimur mánuðum hafa t.a.m. verið tvö mjög alvarleg umferðaslys á þjóðvegnum. Í umfjöllun

fjölmiðla nú fyrir stuttu hafa vegir í Austur-Skaftafellssýslu verið kallaðir farmiði í dauðadalinn! Þannig hefur ástandið á vegum Suðurlands austan Víkur verið í vetrarfærðinni. Á fundi bæjarráðs Hornafjarðar 18. febrúar sl. mótmælti bæjarráð harðlega þeim áformum sem koma fram í drögum að stefnu um almenningssamgöngur að leggja af ríkisstyrk á innanlandsflug til Hafnar í Hornafirði. Verði þetta að veruleika er veruleg hætta á að flugsamgöngur til Hafnar munu leggjast af. Bæjarráð leggur áherslu á að drögin verði skoðuð gaumgæfilega og í samhengi við aðra stefnumótun ríkisins, s.s. byggðaáætlun 2018-2024 þar sem lagt er til að innanlandsflug verði raunhæfur kostur fyrir íbúa landsbyggðarinnar og samgönguáætlun 2019-2033 þar sem lögð eru fram markmið um að ferðatími innanlands til höfuðborgarinnar verði aldrei meira en 3,5 klst. Einnig bókaði bæjarráð um að áhugavert væri að fá upplýsingar um hvað ríkið fær til baka í formi skatta og gjalda af flugleiðinni.

*Matthildur Ásmundardóttir,
bæjarstjóri Sveitarfélagsins
Hornafjarðar*



Hafnarkirkja
Sunnudaginn 24. febrúar á
konudaginn kl. 11 verður
Guðspjónusta í Hafnarkirkju.

Allir sálmar verða eftir kvenskáld
og í prédikuninni verður fjallað
um konur í Biblíunni.

Verið hjartanlega velkomin.

Prestarnir.



FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELÐRI HORNFIÐINGA

Gleðigjafar, kór eldri borgara í Hornafirði
heldur sína árlegu konudagsgleði í byrjun
Góu. **Samveran verður í Ekru sunnudaginn
24. febrúar kl. 14.00**

Kaffveitingar, söngur og almenn gleði sem
endar á balli með Ekrubandinu.

Aðgangseyrir kr: 1.000

Verið hjartanlega velkomin.

FÉLAGSVISTIN. Lokakvöldið er í kvöld,
fimmtudaginn 21. febrúar
Nú má enginn láta sig vanta!

ÚTSALA ÚTSALA

Nú á allt að seljast, **40%**
af öllum fatnaði og skóm

**ÚTSÖLUVÖRU FÆST
EKKI SKILAÐ EÐA SKIPT**

Verslun Dóru

Ólöf K Ólafsdóttir augnlæknir verður með
stofu á heilsugæslustöð Hornafjarðar dagana
4.-6 mars næstkomandi

Tímapantanir í síma 470-8600
virka daga.



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Fiskbúð Gunnhildar

Fiskbúðin
verður lokuð
frá
25. febrúar
til 18. mars

Sjáumst
hress þann
18. mars



Fræðslufulltrúi Vatnajökulsþjóðgarðs



Laust er til umsóknar starf fræðslufulltrúa Vatnajökulsþjóðgarðs. Um er að ræða nýtt starf til að fylgja eftir fræðsluáætlun Vatnajökulsþjóðgarðs og uppbyggingarstarfi við miðlun upplýsinga. Starfið heyrir beint undir framkvæmdastjóra þjóðgarðsins en því skal sinna frá einhverri af meginstarfsstöðum þjóðgarðsins á landsbyggðinni; í Ásbyrgi, Mývatnssveit, á Skriðuklaustri/Fellabæ, Höfn í Hornafirði, Skaftafelli eða Kirkjubæjarklaustri.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Þróa og framfylgja fræðsluáætlun þjóðgarðsins í samvinnu við þjóðgarðsverði/starfsfólk
- Umsjón með fræðslu fyrir gesti þjóðgarðsins og rekstraraðila í þjóðgarðinum
- Umsjón með skiltagerð og merkingum
- Umsjón með og samræmingu á útgáfu á vegum þjóðgarðsins
- Umsjón með vefssvæði og samfélagsmiðlum þjóðgarðsins
- Í starfinu felast m.a. ferðalög milli svæða þjóðgarðsins
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfnikröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Leiðtogaþæfni og frumkvæði til að hvetja aðra til árangurs
- Þekking og reynsla á starfsemi þjóðgarða, náttúruvernd og ferðamálum
- Reynsla af landvörslu, umhverfis- og náttúrutúlkun eða grenndarkennslu er kostur
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Nákvæmni, faglegur metnaður og skipulagsfærni
- Reynsla og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Tölvufærni og geta til að vinna eftir verkferlum
- Þekking á og reynsla af opinberri stjórnsýslu kostur

Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert. Umsóknarfrestur er til og með 25. febrúar 2019. Sótt er um starfið á Starfatorgi og skal umsóknnum fylgja ítarlegt yfirlit um menntun og starfsferil. Hvetjum jafnt konur sem karla að sækja um starfið. Öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Gert er ráð fyrir að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfshlutfall er 100%

Umsóknarfrestur er til og með 25. febrúar 2019

Umsóknareyðublað vegna starfsins eru á Starfatorgi

Nánari upplýsingar veitir

Ingibjörg Smáradóttir – ingibjorg@vjp.is – s 575 8403



Manstu eftir taupokanum?

POKASTÖÐIN
Hornafjörður - Iceland



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi: HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófaralestur: Guðlaug Hestnes

Umbrot: Tjörvi Óskarsson

Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126

Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur
velkominir í hópinn.

HLS ehf.

Rnr. 0537-14-409068

Kt. 500210-2490

Fréttir af sunddeildinni

Við í sunddeildinni höfum verið að brasa ýmislegt undanfarið þrátt fyrir fámenni í deildinni.

Við komumst seint af stað í haust vegna þjálfaraskorts enn síðan var heppnin með okkur og við fegnum tvo Filipa sem starfa á Humarhöfninni en þeir skipta með sér þjálfun í vaktafriðum frá þjónustustörfum. Þeir eiga báðir bakgrunn í þjálfun og æfingum í sundi úr sínu heimalandi. Þeim til aðstoðar er svo Íris Mist Björnsdóttir og er frábært að hafa fengið hana til liðs við okkur. Hélt hún einnig utanum æfingar elsta hópsins, sem hafa náð þeim aldri að mega fara ein í sund þegar Filiparnir fóru til síns heimlands í jólafrí. Eldri krakkarnir hafa einnig verið duglegir að æfa saman þjálfaralaug og eiga þau hrós skilið fyrir það.

Við byrjuðum æfingar að nýju eftir jólafrí 10. janúar og vikan þar á eftir eða 14. – 18. janúar var opin þeim sem vildu koma og prófa. Æfingarbúðir verða haldnar núna helgina 22. til 24. febrúar í samvinnu við Inga Þór sem er sundfólki Hornafjarðar vel kunnugur. Við eigum einnig von á iðkendum af Austfjörðum í æfingabúðirnar. Ingi Þór ætlar einnig að halda úti nokkrum æfingum þessa helgi fyrir Garpa sem vilja skerpa á skriðsundstökunum.

Að venju förum við á Djúpvaggi og Eskifjörð en UÍA er að gefa

eftir með sundmót á austurlandi til dæmis var ekki boðið uppá sund á Sumarhátíðinni eins og verið hefur í áratugi. Haldið var þó Bikarmót UÍA á Djúpvaggi samkvæmt venju og bar það upp á sömu helgi og eldri hópurinn var að keppa í Laugardalslaug. Yngri börnin fóru því á sitt fyrsta sundmót á Djúpvaggi þjálfaralaug og stóðu sig með mikilli þryði undir dyggri stjórn formanns deildarinnar og er greinilegt að þar eru sundmenn framtíðarinnar á ferðinni og margir góðir sundtímar litu dagsins ljós.

Í dag erum við með þrjá eldri iðkendur og ef hér væri til afrekshópur ættu þau öll erindi í hann. Á síðasta sundári stimpluðu þau sig t.d. inná AMÍ með því að synda undir lánmarkstíma fyrir 12 ára. Í júní 2018 héldu þau síðan til Akureyrar á sitt fyrsta AMÍ mót (Aldursflokkameistaramót Íslands). Síðasta haust fóru þau á mót í Reykjanesbæ og gerðu sér lítið fyrir og syntu beint inni 13 ára lágmarkið þá 12 ára gömul fyrir AMÍ 2019. Núna um síðustu áramót færðust þau uppi 13-14 ára flokkinn og er gleðilegt að geta byrjað árið með að eiga tryggðan þátttökurétt og markmið að geta bætt sig fyrir mótið í sumar. En AMÍ 2019 verður haldið í Reykjanesbæ í júní. Einhverjar mótsferðir eiga þau vonandi eftir að fara fyrir þann tíma og er það



von undirritaðrar að Ingi Þór eigi eftir að leiðbeina okkur með það að loknum æfingarbúðum.

Að lokum langar mig að þakka öllum þeim sem hafa styrkt okkar litlu deild með flöskum og góðum mottökum þegar við höfum verið á ferðinni, en dósasöfnunin er ein okkar helsta fjáröflun og ástæða þess að hægt

er að halda úti sunddeild hér þar sem þjálfaralaug og iðkendagjöld geta aldrei verið á pari með svona fáa iðkendur. Enda hefur hún að skipa mestu nagla Sindra þegar kemur að því að æfa úti allt árið sama hvernig viðrar.

Fyrir hönd Sunddeildar Sindra Gunnhildur Imsland.

Konudagsseðill Z-bistro

FORRÉTTUR
Hrátt hangikjöt á melónubeði // Humarsúpa

AÐALRÉTTUR
Innbakaður lambavöðvi með gljáðu rötargrænmeti og döðlusösu // Fyllt kalkúnabringa með sætkartöfluböku með pekanhnetum, rósakal með beikoni og rjómasösa

EFTIRRÉTTUR
Ostakaka með eplum og heitri karamellusösu // Marmarasúkkulaðimús

Laugardag og sunnudag 23. og 24. feb.
Verð 5990 kr.
Boðapantanir í síma 478 2300 eða á zbistro760@gmail.com

Z BISTRO

Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR

Breyting á aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030
Þétting byggðar í innbæ

Bæjarstjórn Hornafjarðar samþykkti þann 14. apríl tillögu að óverulegri breytingu á aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030 skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í breyta landnotkunarflokki í íbúðarbyggð og skilgreina 6 nýjar lóðir undir einbýlishús og eina lóð undir raðhús.

Breytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulagsstjóra Hornafjarðar.

*Gunnlaugur Róbertsson,
skipulagsstjóri*

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Samráð um mótun atvinnustefnu fyrir Vatnajökulsþjóðgarð

Vatnajökulsþjóðgarði hefur frá upphafi verið ætlað að styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins, m.a. með því að hvetja til sjálfbærrar nýtingar gæða svæðisins en sérstakt ákvæði þess efnis kom inn í lög um þjóðgarðinn við breytingu árið 2016.

Stjórn þjóðgarðsins vinnur nú að mótun atvinnustefnu og vill tryggja að tekið sé tillit til sjónarmiða hagsmunaaðila við mótun hennar, samhliða vernd þjóðgarðsins.

Lögð er áhersla á að eiga gott samstarf við alla þá sem nýta þjóðgarðinn beint eða óbeint til atvinnusköpunar. Þeim og öðrum sem áhuga hafa er boðið til samráðsfunda þar sem efnisatriði atvinnustefnunnar verða rædd.

Fundir verða haldnir á öllum rekstrarsvæðum þjóðgarðsins, auk þess sem haldinn verður einn fundur í Reykjavík. Að auki verður boðið upp á vefkönnun þar sem leitað er eftir sjónarmiðum um sömu efni og tekin verða til umræðu á samráðsfundum. Nánari upplýsingar um samráðsfundina og vefkönnunina er að finna á vef þjóðgarðsins, www.vjp.is.

Samráðsfundir verða haldnir sem hér segir:

Reykjavík, Hótel Natura við Nauthólsveg, 21. febrúar kl. 15-17
Smyrlabjörgum, 25. febrúar kl. 15 - 17
Vík í Mýrdal, Köttlusetri, 27. febrúar kl. 15-17
Egilsstöðum, Hótel Héraði, 28. febrúar kl. 16-18
Húsavík, Fosshótel, 5. mars kl. 15-17

Vefkönnunin verður opin frá 21. febrúar til 7. mars.

Vígsluhátíð á nýju Sindrahúsi 1. mars

Umf. Sindra býður hér með öllum til vígsluhátíðar á nýju félagsheimili þann 1. mars nk. og hefst dagskrá kl. 17.00.

Að dagskrá lokinni verður boðið uppá kaffiveitingar.

Á þessum tímamótum viljum við þakka alla velvild og aðstoð við að láta draum okkar um góða félagsaðstöðu rætast.

Enn er mikið verk óunnið til að gera aðstöðuna eins vel úr garði og mögulegt er. Þess vegna hefur verið stofnaður **söfnunarreikningur nr. 0172-05- 11011. Kt. 430380-0609** til að kaupa nauðsynlegan stofnbúnað til að starfsemin geti blómstrað.

Allir velkomnir.

Ungmennafélagið Sindri
Hafnarbraut 15
780 Höfn



Ertu með frábæra hugmynd? opnað hefur verið fyrir umsóknir í Uppbyggingarsjóð

1

Menningarverkefni

Uppbyggingarsjóður styrkir menningarstarfsemi og listsköpun á Suðurlandi

2

Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

Uppbyggingarsjóður styrkir atvinnuskapandi og/eða framleiðniaukandi verkefni á Suðurlandi

Starfandi fyrirtæki eru sérstaklega hvött til að sækja um



RÁÐGJÖF UM ALLT SUÐURLAND

Ráðgjafar eru á starfsstöðvum um allt Suðurland. Umsækjendur eru hvattir til hafa samband við ráðgjafa á vegum SASS og fá aðstoð við gerð umsókna. Nánari upplýsingar á vef SASS.

Umsóknarfrestur er til kl. 16:00 þann 5. mars 2019



STYRKIR@SASS.IS



WWW.SASS.IS



S. 480-8200

Uppbyggingarsjóður er hluti af



SÓKNARÁETLUN
SUÐURLANDS



Menningarverðlaun 2019

Menningarmálanefnd óskar eftir tillögum að verðlaunahafa Menningarverðlauna 2019 fyrir árið 2018.

Verðlaunin eru veitt einstaklingi, stofnun eða samtökum sem viðurkenning fyrir eftirtektarvert framtak á sviði lista og menningar á nýliðnu ári. Hlutverk verðlaunanna er einnig að vera almenn hvatning til eflingar menningar- og listastarfs í sveitarfélaginu.

Frestur til tilnefningar er 25. febrúar 2019.
Tilnefningar ásamt stuttum rökstuðningi sendist á eyrunh@hornafjordur.is


Eyrun Helga Eversdóttir,
Forstöðumaður
Menningarmiðstöð Hornafjarðar.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / Sí: 4708000 / www.hornafjordur.is

Ársfundir

Ársfundir deilda og Aðalfundur Ungmennasambandsins Sindra verður haldinn þann 27. febrúar kl. 17.00 í nýju félagsheimili okkar að Hafnarbraut 15.



Við vonumst til að flestir sjái sér fært að mæta og taka þátt í umræðum um málefni félagsins.

Stjórn Ungmennafélagsins Sindra

Guðbjörg Anna nýr þjónustuaðili Sjóvár á Höfn

Nýr þjónustuaðili Sjóvár, Guðbjörg Anna Bergsdóttir, hefur tekið til starfa á Höfn. „Mér finnst nauðsynlegt að það sé þjónusta til staðar á stað eins og Höfn, þar sem langt er að sækja þjónustu annað,“ segir Guðbjörg Anna. „Stór hluti landsframleiðslunnar fer fram á landsbyggðinni og því mjög mikilvægt að það sé góð og öflug þjónusta til staðar þar, jafnt fyrir fyrirtæki sem einstaklinga. Ég heyri undir útibú Sjóvár á Egilsstöðum og saman vinnum við að því að veita viðskiptavinum á svæðinu þjónustu og ráðgjöf sniðna að þeirra þörfum. Við erum því afar ánægð með niðurstöður Íslensku ánægjuvogarinnar þar sem Sjóvá er efst tryggingafélaga.“



Guðbjörg Anna er 34 ára og býr á Höfn ásamt manni sínum og fjórum börnum. Hún er með masterspróf í lögfræði frá HR, hefur réttindi til að starfa sem héraðsdómslögmaður og er einnig löggiltur fasteigna-, fyrirtækja og skipasali. Guðbjörg Anna rekur Löghorn, lögmannsstofu Hornafjarðar og starfar þar sem lögmaður, en einnig rekur hún þar útibú frá Heimili fasteignasölu. Þar að auki eru hún og maðurinn hennar sauðfjárbændur. Guðbjörg býður fólk velkomni á skrifstofu sína á aðra hæð að Litlubrú 1, á milli kl. 9 og 16 eða eftir samkomulagi.

Laus störf sumarið 2019

Óskum eftir að ráða kraftmikið og duglegt fólk til almennra hótellarstarfa á Hótel Eddu Höfn. Starfsreynsla er æskileg.

Hótelið verður opið frá 10. maí til 30. september.

Leitað er að fólki í almenn hótellstörf sem felast meðal annars í þrifum hótellherbergja, framreiðslu á morgunverði og næturvörslu.

Nánari upplýsingar veitir Signý Rafnsdóttir í tölvupósti: signy@icehotels.is.

Hægt er að senda inn umsókn á rafrænu formi á heimasíðu Edduhótelanna www.hoteledda.is

Umsóknarfrestur er til 15. mars nk. og verður öllum umsóknum svarað.

Edduhótelin eru opin yfir sumartímann. Edduhótelin eru 9 talsins og þau er að finna hringinn í kringum landið. Áhersla er lögð á lipra þjónustu og hagstætt verð. Fjöldi herbergja er frá 28 upp í 204. Edduhótelin eru rekin af Flugleiðahótelum ehf, sem reka einnig Icelandair hótelin, Hilton Reykjavík Nordica og Canopy Reykjavík City Center. Yfir sumartímann starfa um 900 manns hjá fyrirtækinu.



Styrkir

Átt þú rétt á styrk til jöfnunar flutningskostnaðar?

Þeir sem geta sótt um styrk eru einstaklingar og lögaðilar sem:

- stunda framleiðslu á vörum sem falla undir c-bálk ÍSAT2008
- stunda framleiðslu á vörum sem falla undir flokk 01.1 og/eða flokk 01.2 í a-bálk ÍSAT2008 enda sé varan fullunnin í söluhæfar umbúðir.

Flytja þarf framleiðsluvöru meira en 150 km frá framleiðslustað á innanlandsmarkað eða að útflutningshöfn.

Opnað verður fyrir umsóknir 1. mars og er umsóknafrestur til og með 31. mars.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Byggðastofnunar og í síma 455-5400.



BYGGÐASTOFNUN

Sími 455 54 00
Fax 455 54 99

postur@byggdastofnun.is
byggdastofnun.is

**KONUDAGSSEÐILL
PAKKHÚSSINS**
FÖSTUDAGINN 22. FEBRÚAR
& SUNNUDAGINN 24. FEBRÚAR

HUMARTACO, ÍSLENSK HÖRPUSKEL,
BEIKONVAFÐAR DÖGLUR OG
DJÚPSTEIKTUR CAMEBERT Í DEIGI

GRILLUÐ NAUTALUND, LAUKSULTA,
DJÚPSTEIKT SMÆLKI,
TRUFFLUMÆJÓ, SOBGLJÁI OG BEARNAISE


CRÉME CARAMEL OG 60% SÚKKULAÐIKAKA,
HEIMAGERÐUR ÍS OG SORBET

KR. 6.900,-
Á MANN

MOJITO Á TILBOÐI
ATH LOKAÐ LAUGARDAGINN
23. FEBRÚARI!

PAKKHÚS
RESTAURANT

PANTA ÞARF BORB Í S. 478-2280 EÐA Á PAKKHUS@PAKKHUS.IS




Sjóvá er efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvuginni.

Við gleðjumst yfir því að viðskiptavinir okkar séu ánægðari.

Útibú Egilsstöðum 440 2400
Þjónustuaðili Höfn 866 8312

SJÓVÁ



FÓTAAÐGERÐIR FÓTAAÐGERÐIR

Verð á Höfn í Ekrinni
frá miðvikudeginum
27. febrúar og til föstudagsins
1. mars.

Pantanir í síma 8 200 593

Kær kveðja, Edda Lára Guðgeirsdóttir
lögg. fótaaðgerðafræðingur



Úrgangur er auðlind

Mikið hefur verið fjallað um ofneyslu vestrænna þjóða og það mikla rusl sem fellur til á hvern jarðbúa. Í janúar náði Marikondo tiltektin nýjum hæðum með tilkomu Netflix seríu hennar um hvernig eigi að koma reglu á líf sitt og eignir. Íslendingar losuðu sig við óþarfa í stórum stíl síðastliðinn mánuð en mikilvægt er að kynna sér hvað verður um úrganginn og hvernig eigi að flokka hverja vöru.



Ekki er til ein algild lausn eða flokkunarleiðbeiningar fyrir íbúa Suðurlands þar sem hvert sveitarfélag vinnur að úrgangsmálum á sinn hátt. Í dag er þessum málum hagað á fimm ólíka vegu innan landshlutans og mikilvægt að kynna sér þær lausnir sem í boði eru í hverju sveitarfélagi. Þú finnur upplýsingar um þjónustuaðila þíns svæðis á heimasíðu sveitarfélagsins. Íbúar og fyrirtæki á Suðurlandi gera miklar kröfur um að geta flokkað meira og samræmt en vitund um úrgangsmál og þau verðmæti sem liggja í úrgangi hefur aukist mikið undanfarið.



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Auglýsing um skipulagsmál

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti á fundi sínum þann 14. febrúar 2019 að auglýsa tillögu að aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagi að Hellisholti ásamt deiliskipulagstillögu að Seljavöllum.

Markmið með aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagi að Hellisholti er að heimila uppbyggingu gistingar og aðstöðu í landi Hellisholts. Deiliskipulagið tekur til uppbyggingar ferðaþjónustu og íbúðarhúss ásamt aðkomu að svæðinu frá þjóðvegi.

Markmið með deiliskipulagi að Seljavöllum III er að styrkja frekari uppbyggingu og framtíðarþúsetu á Seljavöllum III, með því að; heimila uppbyggingu gistiþjónustu og búsetuurræða fyrir vinnuafli á bænnum og bæjunum í kring, heimila stækkun núverandi atvinnuhúsnæðis, heimila fjölgun einbýlishúsa og heimila skógrækt.

Skipulagstillögur ásamt greinargerðum verða til kynningar í Ráðhúsi sveitarfélagsins að Hafnarbraut 27, 780 Höfn og á heimasíðu sveitarfélagsins hornafjordur.is/stjornsysla undir skipulag í kynningu frá 21. febrúar til 8. apríl 2019. Sveitarfélagið óskar eftir umsögnum vegna skipulagstillagna í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Frestur til að skila inn athugasemdum er 8. apríl 2019 og skal skila skriflega á bæjarskrifstofur Hornafjarðar að Hafnarbraut 27, 780 Höfn eða á netfangið skipulag@hornafjordur.is

*Gunnlaugur Róbertsson,
skipulagsstjóri*



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Starfsmaður óskast í Menningarmiðstöð

Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir eftir starfsmanni á
Menningarmiðstöð Hornafjarðar.

Starfslýsing: Afgreiðsla á bókasafni og umsjón með barnastarfi.

Viðkomandi þarf að geta sýnt fram á lipurð í mannlegum samskiptum, vera þjónustulundaður og liðlegur, vera sjálfstæður í vinnubrögðum og hafa góða skipulagshæfileika.

Kostur er ef viðkomandi er með starfsreynslu í þjónustustörfum. Góð íslensku og tölvukunnátta skilyrði.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Foss/BSRB og AFL starfsgreinafélags við launafund sambands sveitarfélaga.

Upplýsingar um starfið gefur Eyrún Helga Ávarsdóttir forstöðumaður Menningarmiðstöðvar í síma 470-8052 eða eyrunh@hornafjordur.is Umsóknarfrestur er til 28.02.2019 og skulu umsóknir sendar á rafrænu formi á netfangið eyrunh@hornafjordur.is



Menningarmiðstöð Hornafjarðar | Listabúð 2 | 780 Höfn | Sími 470 8040



Kristján Baldereson
hdl., lögfróttur fasteigna-,
fyrirtæki- og skiptisak,
lögfróttur lögmáttari.
S: 987-3360



Colbjörg C. Sveinbjörnsdóttir
Séðingur, Vískafróttur,
Vegg, fasteignis-,
fyrirtæki- og skiptisak,
lögmáttari.
S: 899-5940



Bára Daníelsdóttir
Skrátturfróttur
S: 610-1837



Gylfi Jóns Ólafsson
hdl., lögfróttur fasteigna-,
fyrirtæki- og skiptisak.
S: 823-0124



Guðrún Körtveit
Aðstoðarmáttur
fasteignasala
S: 853-8779



Silveig Ragnína Björnsdóttir
Aðstoðarmáttur
fasteignasala, í námi til
lögfróttur fasteigna-,
fyrirtæki- og skiptisak.
S: 860-4679



Sýnir Þór Svaverson
Aðstoðarmáttur
fasteignasala, í námi til
lögfróttur fasteigna-,
fyrirtæki- og skiptisak.
S: 845-8568



Jóna Benný Kristjánsdóttir
Lögfróttur, lögfróttur
fasteigna-, fyrirtæki-
og skiptisak.
S: 869-8650



Gunnar Þorleifsson
Vískafróttur, aðstoðarmáttur.
fasteignasala, í námi til
lögfróttur fasteigna-,
fyrirtæki- og skiptisak.
S: 682-4226



Einar Ólafsson
Vískafróttur, aðstoðarmáttur.
fasteignasala, í námi til
lögfróttur fasteigna-,
fyrirtæki- og skiptisak.
S: 823-4969



Guðrún E. Sigurðsson
Aðstoðarmáttur
fasteignasala, í námi til
lögfróttur fasteigna-,
fyrirtæki- og skiptisak.
S: 898-8225



Colbjörg Helga Jónsdóttir
Aðstoðarmáttur
fasteignasala, í námi til
lögfróttur fasteigna-,
fyrirtæki- og skiptisak.
S: 887-7712

VELKOMIN TIL STARFA

Trausti fasteignasala býður Jónu Benný Kristjánsdóttur velkomna til starfa. Jóna Benný er lögmaður og lögfróttur fasteignasali og mun hún sinna fasteignasölu fyrir Trausta frá skrifstofu sinni á Höfn.



Við höfum fengið Austurbraut 20 til sölu. Glæsilegt 135,1 fm. tveggja hæða einbýlishús ásamt 28,1 fm. bílskúr á frábærum stað. Golfvöllur er í göngufæri og frábært útsýni til fjalla af efri hæð hússins.

Verð: 42 millj.

Nánari upplýsingar veitir Jóna Benný í síma 869-8650 eða á jona@trausti.is

